



Fjölbautaskóli Vesturlands
á Akranesi

Jafnrétti • Virðing • Fjölbreytileiki

FORELDRAHANDBÓK

Upplýsingar um skólann

fyrir nýnema og forráðamenn beirra

(Uppfært í ágúst 2023)



EFNISYFIRLIT

| | |
|--|----|
| Skólastetting og kynningarfundur..... | 3 |
| Foreldraráð Fjölbautaskóla Vesturlands | 3 |
| Miðlar | 3 |
| FVA.IS..... | 3 |
| Skruddan..... | 3 |
| Facebook og Instagram..... | 4 |
| Skólinn | 4 |
| Pjónusta..... | 4 |
| Bókasafn og tölvuver | 4 |
| Læstir skápar | 4 |
| Húsnæði skólans..... | 4 |
| Heimavist..... | 5 |
| Mataraðstaða | 5 |
| Jöfnunarstyrkur..... | 5 |
| Viðbrögð við einelti..... | 5 |
| Tölvur og upplýsingataækni | 6 |
| Menntaský og Office365..... | 6 |
| Inna..... | 6 |
| Prentun..... | 6 |
| Reglur um tölvunotkun | 6 |
| Námið | 7 |
| Námsbrautir..... | 7 |
| Námsgögn..... | 7 |
| Nemendur með sérþarfir, námstengd eða persónuleg vandamál..... | 7 |
| Tónlist | 7 |
| Námsmat | 7 |
| Námsmatsdagar..... | 7 |
| Miðannamat | 8 |
| Námstími, þrjú til fjögur ár..... | 8 |
| Skóladagurinn | 8 |
| Skólareglur Fjölbautaskóla Vesturlands..... | 8 |
| Reglur um bindindi | 9 |
| Umgengni | 9 |
| Hegðun í tíma | 9 |
| Reglur um skólasókn..... | 9 |
| Fjarvistir | 10 |
| Veikindi | 10 |
| Veikindi í prófum | 10 |
| Skólasóknareinkunn..... | 11 |
| Fjarvistir | 11 |
| Leyfi vegna ferðalaga | 12 |
| Ábyrgð nemenda | 12 |
| Skólahjúkrun..... | 12 |
| Skólasálfræðingur..... | 12 |
| Skóladagatal | 13 |
| Félagslíf nemenda – NFFA..... | 13 |
| Náms- og starfsráðgjöf..... | 14 |
| Að lokum | 15 |

SKÓLASETNING OG KYNNINGARFUNDUR

Hvert skólaár hefst formlega í ágúst með skólasetningu sem fram fer á sal skólans. Nýnemar eiga að mæta á skólasetningu. Að athöfn lokinni er nemendum skipt í hópa og fylgja þeir kennara í stofur. Þar er farið yfir nokkur mikilvæg atriði fyrir nýnema, meðal annars hvernig á að lesa úr stundatöflunni, veikindatilkynningar og fleira. Að því loknu er nemendum skipt í þriggja manna hópa og hefst þá ratleikur um skólann. Nemendur fá kort af skólanum og þurfa að leysa einfaldar þrautir víðsvegar um byggingar skólans. Markmiðið ratleiksins er að kynna skólahúsnaðið fyrir nemendum, að þeir læri heitin á byggjungum skólans og að þeir viti hvar þjónustuaðilar eru staðsettir í húsinu (t.d. skrifstofa, náms- og starfsráðgjafi, skólahjúkrunarfæðingur, bókasafn o.fl.)

Í upphafi annar er haldinn kynningafundur fyrir foreldra/forráðamenn nýnema. Markmið fundarins er að kynna námið í skólanum og það starf sem ætlað er að styðja við nýnema á fyrsta ári. Nemendur þurfa á stuðningi og hvatningu foreldra að halda og þann stuðning getur verið auðveldara að veita þegar nokkur þekking á skólanum og starfi hans er fyrir hendi.

FORELDRARÁÐ FJÖLBRAUTASKÓLA VESTURLANDS

Við skólann hefur verið starfandi foreldraráð frá árinu 2001. Félagið fundar reglulega yfir skólaárið og eru upplýsingar um formann foreldrafélagsins og tengilið skólans við félagið að finna á [vef skólans](#). Kosið er í stjórn félagsins á aðalfundi þess sem haldinn er að hausti. Markmið félagsins eru meðal annars þessi:

- Að efla samstarf milli foreldra og skólans um málefni er varðar velferð, menntun og þroska nemenda.
- Að vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra og forráðamanna og veita stjórn skólans og starfsliði aðhald.
- Að vera bakhjarl skólans og stuðla að bættum hag hans.
- Að miðla upplýsingum um skólastarf við FVA til foreldra og forráðamanna unglings sem þar stunda nám.

MIÐLAR

FVA.IS

Vefur skólans www.fva.is er uppfærður eins og kostur er. Fréttaveitan miðlar fréttum og upplýsingum um leið og þær berast. Á vefnum er einnig að finna fjölbreyttar upplýsingar um nám við FVA, starfsemi og skipulag skólans, þjónustu sem veitt er, símanúmer og netföng starfsfólks, skóladagatal og matseðil mötuneytis, svo eitthvað sé nefnt.

SKRUDDAN

Skruddan er fréttabréf skólans. Skruddan er gefin út vikulega á starfstíma skólans í þeim tilgangi að miðla fréttum og upplýsingum um það sem er á döfinni innan skólans hverju sinni.

Hægt er að [gerast áskrifandi að Skruddunni hér](#).

[Eldri tölublöð er hægt að lesa hér.](#)

FACEBOOK OG INSTAGRAM

Skólinn heldur úti miðlum á [Facebook](#) og [Instagram](#). Þar er styttri fréttum og tilkynningum miðlað á myndrænan hátt. Eru nemendur og aðstandendur hvattir til að fylgjast með þar.

SKÓLINN

ÞJÓNUSTA

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 8:00 – 15:00 en lokað er í hádeginu frá kl. 12:00 – 12:30. Á föstudögum lokar skrifstofan kl. 14:00. Sími á skrifstofu er 433-2500 og netfangið er skrifstofa@fva.is. Nemendur geta leitað til skrifstofu skólans og fengið leiðbeiningar og svör við fyrirspurnum varðandi skólann og námið. Á skrifstofu geta nemendur leigt skápa, keypt prentkvóta, borgað fyrir ferðir á vegum skólans og fengið upplýsingar um flest allt er viðkemur skólanum. Skrifstofa skólans sér meðal annars um að tilkynna nemendum ef kennsla fellur niður og sendir nemendum sms ef þeir hafa skráð símanúmerið sitt í innu.

BÓKASAFN OG TÖLVUVER

Nemendur eru hvattir til að nýta sér bókasafn skólans, bæði safnkost, þjónustu og aðstöðu. Á bókasafninu er afslappað andrúmsloft og gott að sitja þar og læra, vinna hópverkefni eða spjalla á milli tíma. Á bókasafninu er hægt að fá aðstoð við heimildaleit og ritvinnslu í tölvum en einnig er hægt að fá aðgang að flestu sem til þarf til frágangs verkefna, prenta út, ljósrita, hefta, gata og slíkt. Hægt er að fá námsbækur og reiknívelar í innanhúslan. Á bókasafninu eru þrjár tölvur til afnota fyrir nemendur og einnig er töluver staðsett beint á móti bókasafninu. Í töluverinu eru 16 tölvur til afnota fyrir nemendur.

LÆSTIR SKÁPAR

Fatahengi skólans eru ekki vöktuð en nemendur geta leigt skápa í skólanum. Skrifstofa sér um að úthluta skápur. Skápagjaldið er 1000 kr. á önn og þurfa nemendur sjálfir að verða sér úti um láss.

HÚSNÆÐI SKÓLANS

Byggingar skólans eru sex og er innangengt á milli þeirra allra nema á verkstæði málmiðngreina. Í aðalbyggingu er salur skólans, skápar fyrir nemendur, skrifstofur og vinnuherbergi kennara. Í B-byggingu eru kennslustofur, skápar fyrir nemendur, stoðþjónusta, forvarnarfulltrúi og umsjónamaður húsnæðis. Í D-byggingu eru kennslustofur og skápar fyrir nemendur. Í C-byggingu eru kennslustofur rafiðngreinadeildar, í T-byggingu er kennslustofa og verkstæði fyrir tréiðngreinar og í M-byggingu eru kennslustofur og verkstæði fyrir málmiðngreinar.

HEIMAVIST

Heimavist Fjölbautaskólans á Akranesi var tekin í notkun árið 1984. Á henni er rúm fyrir 60 nemendur í 30 tveggja manna herbergjum.

Þeir sem hafa forgang umfram aðra umsækjendur eru nýnemar í dagskóla á Akranesi sem eru yngri en 18 ára og eiga lögheimili í þeim sveitarfélögum á Vesturlandi sem standa að Fjölbautaskóla Vesturlands. Miðað er við að nemendur sem fá vistarpláss njóti þess í a.m.k. tvö ár. Þetta er þó háð því að þeir uppfylli skilyrði sem kveðið er á um í [reglum heimavistarbúa](#).

Heimavistarstjóri er Aron Steinn Davíðsson (aron@fva.is).

MATARAÐSTAÐAÐA

Mötuneyti skólans er staðsett í sal skólans. Nemendur geta skráð sig í áskrift og fengið mat 3-5 sinnum í viku. Hægt er að kaupa 10 miða kort eða staka máltíð. Einnig er hægt að kaupa millimál t.d. brauð, ávexti, hafraklatta, skyr, drykki og fleira. Boðið er upp á hafragraut á hverjum morgni kl. 8:00-8:30, án endurgjalds. Salur skólans er jafnframt matsalur og er ætlast til þess að nemendur borði þar og gangi vel um. Athugið að ekki er leyfilegt að borða nesti í kennslustofum.

JÖFNUNARSTYRKUR

Nemendur sem þurfa að stunda nám fjarri heimahögum og fjölskyldu geta átt rétt á jöfnunarstyrk. Umsóknarfrestur á haustönn er til 15. október og 15. febrúar á vorönn. Nemendur geta sótt um styrkinn á vef Menntastjóðs námsmanna: www.lin.is.

VIÐBRÖGÐ VIÐ EINELTI

Við skólann er unnið eftir [forvarnaráætlun gegn einelti, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og öðru ofbeldi](#). Nemandi sem upplifir einelti eða annað ofbeldi, eða horfir upp á aðra beita eða vera beitta einelti eða öðru ofbeldi getur sent tilkynningu í gegnum ábendingarhnapp á forsíðu fva.is, eða haft samband við náms- og starfsráðgjafa skólans í síma 4332500 eða með tölvupósti á namsradgjof@fva.is. Einnig geta nemendur haft samband við kennara, skólastjórnendur eða annað starfsfólk sem þeir treysta. Foreldrar og forráðamenn geta haft samband fyrir hönd nemenda sem ekki treysta sér til þess.

TÖLVUR OG UPPLÝSINGATÆKNI

Allir nemendur FVA hafa aðgang að innra neti skólans og þráðlausu interneti. Aðgangur að innra neti skólans felur m.a. í sér notkun á tölvum skólans og prenturum. Þráðlaust netsamband næst allstaðar í húskynnum skólans og þar með talið heimavist. Ef nemandi týnir eða gleymir lykilorði getur hann fengið nýtt á skrifstofu skólans eða búið til nýtt á vefslóðinni <https://lykilord.menntasky.is>. Hægt er að nálgast [nánari leiðbeiningar vegna tölvu- og upplýsingabjónustu hér](#) og einnig er aðstoð vegna tölvubjónustu veitt í gegnum netfangið hjalp@fva.is.

MENNTASKÝ OG OFFICE365

Fjölbautaskóli Vesturlands notast við skýjabjónustu hjá Menntaskýi Háskóla Íslands. Í gegnum menntaskýið fá nemendur fullan aðgang að Office365 vefviðmóti með tölvupósti og OneDrive for business gagnaplássi svo eitthvað sé nefnt. Að auki fá nemendur FVA áskrift að öllum helstu forritum Office og geta sett þau upp á öllum sínum tækjum. Nemendur geta tengst menntskýinu og hlaðið niður Office365 forritum á www.fva.is með því að smella á „Office365“ efst á síðunni, undir logoi skólans. Þá er beðið um notandanafn og lykilorð, notandanafnið er nem.xxx@365.fva.is (t.d. nem.abc@365.fva.is) og lykilorðið er það sama og nemandi notar til að komast inn á tölvukerfi skólans. Engin skylda er að nota þetta netfang og í samskiptum við nemendur er notast við það netfang sem skráð er í Innu hverju sinni.

INNA

Inna er gagnagrunnur framhaldsskóla á Íslandi. Þangað sækja nemendur og forráðamenn ólögráða nemenda stundatöflur, upplýsingar um mætingu, einkunnir og námsferil. Inna er jafnframt kennsluumhverfi skólans, þar halda kennrar og nemendur utan um allt námsefni, verkefni, áætlunar og fleira. Foreldrar nemenda yngri en 18 ára eru með aðgang á Innu og skrá sig inn með rafrænum skilríkjum. Nemendur eldri en 18 ára get veitt foreldrum/forráðamönnum aðgang að Innu. Foreldrar nemenda yngri en 18 ára geta tilkynnt veikindi í gegnum Innu en vakin er athygli á því að foreldrar þurfa að skrá veikindi fyrir klukkan 10 að morgni hvers veikindadags. Ef nemandi fer veikur heim eftir að hafa mætt í skólann er betra að hringja á skrifstofu eða senda tölvupóst á skrifstofa@fva.is.

PRENTUN

Þurfi nemendur að prenta á pappír er hægt að gera það á bókasafni skólans.

REGLUR UM TÖLVUNOTKUN

Tölvur geta verið mjög gagnlegar við nám en reynslan er sú að oft eru þær líka truflandi í kennslustundum. Samfélagsmiðlar, flakk á netinu og annað þess háttar sem ekki tilheyrir náminu á ekki við í kennslustundum. Eftirfarandi regla gilda um tölvu- og snjalltækjanotkun í FVA: **Öll notkun er óheimil í kennslustund nema kennari segi annað.**

NÁMIÐ

NÁMSBRAUTIR

FVA býður nemendum uppá fjölbreytt bók- og verknám. Bóknámsbrautirnar eru félagsvínsindabraut, náttúruvínsindabraut og opin stúdentsbraut. Að auki geta nemendur sem uppfylla ákveðin skilyrði valið afreksíþróttasvið. Iðn- og verknámsbrautir skólans eru málmiðngreinar, rafiðngreinar og tréiðngreinar. Aðrar brautir eru framhaldsskólabraut, sjúkraliðabraut, félagsliðabraut, starfsbraut og viðbótarnám til stúdentsprófs eftir starfs- eða listnám. Allar upplýsingar um námsbrautir eru á vef skólans undir „[námið](#)“.

NÁMSGÖGN

Upplýsingar um bókalista eru á Innu. Mikilvægt er að útvega sér allt námsefni strax í upphafi annar. Námsbækur eru til sölu í Pennanum Eymundsson.

NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR, NÁMSTENGD EÐA PERSÓNULEG VANDAMÁL

Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við náms- og starfsráðgjafa í upphafi skólaárs ef nemendur þurfa sérstaka aðstoð, hvort sem er í námi eða öðru. Við vekjum sérstaka athygli á að slíkar upplýsingar eru ekki sendar sjálfkrafa á milli skólastiga. Nemendur sem þurfa sérúrræði í prófum þurfa að sækja um úrræði í Innu.

TÓNLIST

Nemendur í tónlistarnámi geta fengið nám sitt metið. Frekari upplýsingar veitir náms- og starfsráðgjafi og áfangastjóri.

NÁMSMAT

Námsmat er mismunandi á milli áfanga en í upphafi annar fá nemendur námsáætlun frá kennara og er hún einnig aðgengileg í Innu. Þar eru allar upplýsingar um námsefni, lýsing á yfirferð námsefnis yfir önnina, verkefni og námsmat. Í sumum áföngum eru lokapróf og eru þau haldin í lok annar, vægi þeirra kemur fram í námsáætlun. Tölувert er um verkefni og hlutapróf á önninni og er nauðsynlegt fyrir nemendur að skoða námsáætlun vel til að geta skipulagt vinnu sína á önninni. Í öllum áföngum er gert ráð fyrir heimanámi og sýnir reynslan að slíkt sjálfsnám gagnast nemendum vel.

NÁMSMATSÐAGAR

Skólaárinu er skipt í tvær annir og lýkur þeim með námsmati eða prófum. Síðasta vika annarinnar kallast námsmatsdagar. Þá breytist stundatafla nemenda og í stað þess að mæta þrisvar sinnum í hvern áfanga mæta nemendur einu sinni í lengri tíma. Kennrar stjórna því hvernig þessum dögum er háttar. Að loknum námsmatsdögum eru haldin sjúkrapróf og prófsýning.

MIÐANNAMAT

Um miðja önn fá nemendur miðannamat sem gefur nemandanum og foreldrum vísbindingu um stöðu nemandans í náminu. Matið er gefið í bókstöfum A, G, S, O. Það er einungis stöðumat en hefur ekki áhrif á lokaekunn í áfanganum.

A = Afar góð staða í áfanganum. Ef nemandinn heldur svona áfram getur hann náð mjög góðum árangri í áfanganum.

G = Góð staða í áfanganum. Ef nemandinn heldur svona áfram getur hann náð nokkuð góðum árangri í áfanganum en gæti gert betur.

S = Sæmileg staða í áfanganum. Nemandinn þarf að bæta sig til þess að ná viðunandi árangri í áfanganum.

O = Óviðunandi staða í áfanganum. Nemandinn þarf að bæta sig verulega til þess að eiga möguleika á að ná áfanganum.

NÁMSTÍMI, PRJÚ TIL FJÖGUR ÁR

Til að ljúka stúdentsprófi þarf nemandi að ljúka 200 einingum og almennt er miðað við að hægt sé að ljúka því á þremur árum en nemendur geta valið að taka námið á lengri tíma og minnka þannig álagið á hverri önn fyrir sig. Það getur verið kostur ef nemandi er í íþróttum, tónlistarnámi, félagsstarfi eða öðrum tómstundum. Í áfangaskólum hafa nemendur ákveðið svigrúm til að aðlaga námið að sínum þörfum og áhugamálum. Námstími í iðnnámi er breytilegur milli greina: miðað er við að húsasmíðanám sé fimm annir en sex annir hjá nemendum á málm- og véltæknibraut og rafvirkjabraut. Ætli nemendur í iðnnámi að ljúka viðbótarnámi til stúdentsprófs má gera ráð fyrir að bætist a.m.k. ein til tvær annir bætist við námstímann.

SKÓLADAGURINN

Skóladagurinn hefst samkvæmt stundatöflu kl. 8:30 alla virka daga og lýkur 15:55. Á föstudögum lýkur kennslu kl. 14:00.

SKÓLAREGLUR FJÖLBRAUTASKÓLA VESTURLANDS

Samskipta- og skólareglur í Fjölbautaskóla Vesturlands eiga það sameiginlegt að byggja á gagnkvæmri virðingu nemenda, kennara og annars starfsfólks. Auk þess er andi þeirra sá að hvetja til góðrar umgengni, tillitssemi og umburðarlyndis.

Það er stefna Fjölbautaskóla Vesturlands að stuðla að því að allir sem þar starfa, nemendur, kennarar og annað starfsfólk, sýni kurteisi og tillitssemi í umgengni. Nemendur og aðrir sem leita eftir þjónustu skrifstofu, bókasafns, heimavistar og móttuneytis eiga að finna gott og vinsamlegt viðmót. Á sama hátt ætlast skólinn til þess að allir þeir sem leita eftir þjónustu geri það á kurteislegan hátt og sýni skilning og biðlund ef ekki er hægt að sinna erindum þeirra samstundis.

Um skólareglur, breytingar á þeim, undanþágur frá þeim og viðurlög við brotum (öðrum en brotum á skólasóknarreglum) er fjallað í skólaráði. Það er skipað tveim fulltrúum nemenda, tveim kennurum, skólameistara og aðstoðarskólameistara.

Áður en brot á skólareglum eða önnur mál sem varða einstaka nemendur eru tekin til umfjöllunar í skólaráði eru nemendur sem í hlut eiga og forráðamenn þeirra sem eru yngri en 18 ára látnir vita. Strax að loknum skólaráðsfundi tilkynnir skólameistari þeim skriflega um niðurstöðu skólaráðs.

Fulltrúar í skólaráði eru bundnir þagnarskyldu um málefni einstaklinga sem rædd eru á fundum ráðsins.

REGLUR UM BINDINDI

Áfengi og önnur vímuuefn

Nemendur skólangs mega ekki vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuvaldandi efna í skólanum eða á lóð hans né heldur á skemmtunum, samkomum eða ferðalögum sem farin eru á vegum skólangs eða í nafni hans. Sé áminningu skólameistara ekki sinnt er nemanda vikið úr skóla. Nemandi sem gerist brotlegur við þessa reglu skal sækja fund hjá forvarnarfulltrúa í kjölfarið.

Tóbakslaus skóli

Fjölbautaskóli Vesturlands er tóbakslaus skóli. Óheimilt er að reykja eða nota annað tóbak, þar með talið nikótínpúða, munntóbak, neftóbak og rafrettur, í húsum skólangs, heimavist og á lóð hans. Mikið er lagt upp úr því að allar skemmtanir á vegum skólangs og nemendafélagsins séu vímulausar.

UMGENGNI

Við leggjum áherslu á góða umgengni í skólanum og á skólalóð. Í skólanum eru flokkunartunnur fyrir sorp á nokkrum stöðum. Engin ruslatunna er í kennslustofum heldur einungis kassi undir pappír (enda eiga nemendur ekki að vera með mat eða annað í tínum). Í salnum er nóg pláss fyrir alla til að borða og því eiga nemendur ekki að borða annars staðar en þar. Við gerum kröfu um að nemendur gangi snyrtilega frá eftir sig.

HEGÐUN Í TÍMA

1. Kennari er verkstjóri í kennslustundum og stjórnar því sem þar fer fram. Það er réttur kennara og nemenda að vinnufriður ríki í kennslustundum.
2. Kennara er heimilt að færa í sundur einstaklinga sem trufla.
3. Kennara er heimilt að vísa nemanda úr kennslustund.
4. Kennara er heimilt að neita nemanda sem vísað hefur verið úr kennslustund um að sækja tíma í viðkomandi áfanga, hafi nemandinn ekki gert hreint fyrir sínum dyrum.
5. Nemendur sem ítrekað trufla vinnufrið í kennslustundum geta átt yfir höfði sér brottvísun úr skóla.
6. Notkun síma, myndavéla, fartölva, spjaldtölva og tónhlaða er óheimil í kennslustundum án leyfis kennara.

REGLUR UM SKÓLASÓKN

Góð skólasókn er mikilvæg. Reynslan sýnir að það er sterkt fylgni á milli skólasóknar og námsárangurs. Mæting nemenda er skráð í Innu og er aðgengileg nemendum og forráðamönnum ólögráða nemenda. Inna sýnir annars vegar raunmætingu nemandans, það er hvaða tíma hann hefur sótt og hins vegar mætingu þegar veikindi hafa verið dregin frá.

FJARVISTIR

Ef nemandi er fjarverandi úr kennslustund eða mætir eftir að 15 mínútur kennslustundar eru liðnar skráir kennari F í INNU. . Komi nemandi of seint, þ.e. eftir að kennari hefur lokið við að skrá viðveru, en þó áður en 15 mínútur eru liðnar, skrifar kennari S fyrir seint. Sambærilegar reglur gilda yfirgefi nemandi kennslustund áður en henni er lokið. Þrjú S jafngilda einu F sem táknar fjarvist.

Nemandi, sem ekki hefur mætt í kennslustund, getur ekki farið fram á að fá kennslu í því efni sem búið er að fara yfir.

Nemendur geta fylgst með skólasókn sinni í Innu. Eftir 5 og 10 vikur í kennslu er mætingayfirlit tekið; nemendur með 9 fjarvistastig eða fleiri miðað við 5 eininga áfanga fá senda viðvörun um yfirvofandi úrsögn úr áfanga.

VEIKINDI

Veikindi og önnur forföll skal tilkynna samdægurs. **Forföll ber að tilkynna fyrir klukkan 10 að morgni hvers veikindadags. Veikindi sem vara skemur en einn dag er ekki hægt að tilkynna rafrænt en nemandi getur gert grein fyrir þeim á skrifstofu skólans.**

Forföll vegna heimsókna til lækna eða annarra sérfraðinga á heilbrigðissviði sem vara skemur en einn skóladag er hægt að tilkynna á skrifstofu eða eð rafrænt með umsókn um skammtímaleyfi í Innu. Ef forföll og fjarvistir í áfanga vara samtals lengur en sem svarar tveim vikum getur skólameistari farið fram á að veikindaföll verði eftirleiðis staðfest með vottorði frá lækni.

Ef nemandi gerir grein fyrir öllum veikindaföllum í samræmi við það sem segir hér að ofan þá valda veikindi því ekki að hann fái lægri einkunn en 8 fyrir skólasókn. (Veikindi eru dregin frá að 93%).

Sé nemandi haldinn langvinnum sjúkdómi skal hann hafa samband við náms- og starfsráðgjafa strax og það er ljóst og síðan í upphafi hverrar annar og fylgja fyrirmælum um regluleg samskipti á önninni.

Í sumum verklegum áföngum og áföngum án lokaprófs er gerð krafa um viðveru og þeim er ekki hægt að ljúka ef forföll eru umfram tilskilið hámark sem er tilgreint í kennsluáætlun.

VEIKINDI Í PRÓFUM

Nemandi, sem verður fyrir slysi eða veikist á próftímanum, hefur rétt til þess að taka sjúkrapróf enda skili hann vottorði frá skólahjúkrunarfræðingi eða lækni því til staðfestingar. Nemendur undir 18 ára aldri mega skila staðfestingu á veikindum frá forráðamönnum. Nemendum ber að tilkynna um veikindi sín til skrifstofu skólans áður en próf hefst og skila þangað vottorði innan þriggja daga. Veikist nemandi í prófi ber honum að vekja athygli prófgæslumanns sem skrifar athugasemd um það á prófúrlausn nemandans. Skal vottorði dagsettu samdægurs skilað til skrifstofu skólans.

SKÓLASÓKNAREINKUNN

Einkunn er gefin fyrir skólasókn og birtist hún í námsferli nemenda og á útskriftarskírteini.

Skólasóknareinkunn ræðst af skólasókn samkvæmt töflunni hér fyrir neðan. Nemandi í fullu námi (24 kennslustundum eða meira) sem nær 9 eða 10 í skólasóknareinkunn fær 1 einingu á fyrsta þrepi sem er færð inn í námsferil hans við lok annar.

Frá 98% upp í 100% gefur einkunnina 10

Frá 96% upp að 98% gefur einkunnina 9

Frá 93% upp að 96% gefur einkunnina 8

Frá 90% upp að 93% gefur einkunnina 7

Frá 87% upp að 90% gefur einkunnina 6

Frá 85% upp að 87% gefur einkunnina 5

Frá 82% upp að 85% gefur einkunnina 4

Frá 80% upp að 82% gefur einkunnina 3

Frá 78% upp að 80% gefur einkunnina 2

Skólasókn undir 78% gefur einkunnina 1

Sé skólasóknareinkunn lægri en 5 á nemandi ekki vísa skólavist á næstu önn.

FJARVISTIR

Fjarvistir eru felldar niður að fullu í eftirfarandi tilvikum:

1. Vegna námsferða á vegum skólans (ferðir skipulagðar af nemendafélagi skólans, samþykktar af skólastjórnendum, falla hér undir).
2. Vegna tiltekinna starfa í stjórnum nemendafélags skólans, að fengnu leyfi skólameistara.
3. Vegna keppnisferða á vegum skólans eða nemendafélags skólans, að fengnu leyfi skólameistara.
4. Vegna vinnu við undirbúning og framkvæmd stórvíðburða á vegum nemendafélags skólans, að fengnu leyfi skólameistara.
5. Vegna þáttöku í eða undirbúnings fyrir íþróttakeppni á vegum landsliðs, enda liggi fyrir staðfesting á slíkri þáttöku frá viðkomandi sérsambandi.
6. Þegar rökstudd umsókn um leyfi vegna brýnna erinda liggur fyrir frá nemanda eða forráðamönnum hans, að fengnu leyfi skólameistara.
7. Vegna ófærðar eða annarra óviðráðanlegra tilvika, enda geti nemandi skýrt og staðfest þá töf sem hann varð fyrir.
8. Vegna útfarar nákomins ættingja eða vinar.

Fjarvistir eru felldar niður að hluta (þ.e. eins og um veikindi væri að ræða) í eftirfarandi tilvikum:

1. Vegna þáttöku í eða undirbúnings fyrir íþróttateppni á vegum íþróttafélags, enda liggi fyrir staðfesting á slíkri þáttöku frá viðkomandi íþróttafélagi.
2. Vegna veikinda barns sem nemandi á eða hefur á framfæri.
3. Þegar rökstudd umsókn um leyfi liggur fyrir frá nemanda eða forráðamönnum hans, að fengnu leyfi skólameistara. Á námsmatsdögum er nemendum almennt ekki veitt leyfi vegna ferðalaga

LEYFI VEGNA FERÐALAGA

Nemendur eldri en 18 ára og forráðamenn nemenda yngri en 18 ára geta sótt um leyfi vegna ferðalaga í allt að þrjá daga á önn eða 5 daga á skólaári. Sótt er um langtímaleyfi í Innu og við afgreiðslu leyfisbeiðna er litið til mætingar og námsframvindu nemenda. Nemendum er almennt ekki veitt slíkt leyfi á námsmatsdögum.

ÁBYRGÐ NEMENDA

Nemendum ber sjálfum að fylgjast með skólasókn sinni í Innu. Ef nemandi þarf að vera mikið frá vegna íþróttar eða leyfa ber hann ábyrgð á því að fylgjast með hvað fram fer í kennslu á þeim tíma. Það sama á við um nemendur sem eru frá vegna skammvinnra veikinda. Nemendum sem glíma við samfelld eða erfið veikindi hafa samband við náms- og starfsráðgjafa.

SKÓLAHJÚKRUN

Nemendur og foreldrar/forráðamenn geta leitað upplýsinga, aðstoðar og stuðnings hjá skólahjúkunarfræðingi. Skólahjúkunarfræðingur er til staðar á skrifstofu á fyrstu hæð (hjá námsráðgjafa). Hægt er að bóka tíma á vef skólans, í tölvupósti eða bara mæta á staðinn.

Upplýsingar um viðveru skólahjúkunarfræðings [er að finna hér](#).

Skólahjúkunarfræðingur er Íris Björg Jónsdóttir - netfang: iris@fva.is

SKÓLASÁLFRÆÐINGUR

Sálfraðipjónusta er nemendum að kostnaðarlausu og felst í einstaklingsviðtölum. Náms- og starfsráðgjafar og hjúkunarfræðingur sjá um tilvísanir á sálfraðing. Hafa þarf samband við þau ef óskað er eftir viðtali.

Upplýsingar um viðveru skólasálfræðings [er að finna hér](#).

Skólasálfræðingur er Þorleifur Baldvinsson - netfang: torleifur@fva.is.

SKÓLADAGATAL

Á vef skólans má sjá dagatal skólans en meðal viðburða á skólaárinu má nefna:

- Skólastetning og kynning fyrir nýnema
- Nýnemadagur
- Heilsuvika í september
- Miðannarfrí í október
- Skammhlaup í nóvember
- Námsmatsvika í desember
- Sjúkrapróf að lokinni námsmatsviku í desember
- Prófsýning að loknum sjúkraprófum
- Brautskráning í desember
- Töfluafhending í janúar
- Vika 6 og opnir dagar í febrúar
- Vetrarfrí í febrúar
- Námsmatsvika í maí
- Sjúkrapróf að lokinni námsmatsviku í maí
- Prófsýning að loknum sjúkraprófum
- Brautskráning í maí

FÉLAGSLÍF NEMENDA – NFFA

Við skólann er starfrækt öflugt nemendafélag, NFFA. Vel er tekið á móti nýjum nemendum, m.a. með nýnemadegi og kynningarviku. Klúbbastarf er fjölbreytt, t.d. íþróttaklúbbur, leiklistaklúbbur, ljósmyndaklúbbur, góðgerðaklúbbur og kvíkmyndaklúbbur. Hápunktar félagslífsins eru árshátíð og frumsýning leikrits á vorönn. Allir nemendur FVA greiða gjald til nemendafélagsins og eru þá sjálfkrafa félagsmenn. Nemendur geta óskað eftir því að vera ekki meðlimir og fá þeir þá félagsgjaldið endurgreitt.

Nemendur leggja metnað sinn í að hafa allar skemmtanir sem eru haldnar í nafni skólans áfengis- og vímuefnalausar. Allir sem sækja dansleiki NFFA gefst kostur á að skrá sig í edrúpott. Til þess að komast í pottinn þurfa nemendur að blása í áfengismæli. Eftir hvern dansleik eru dregnir út vinningar. Í lok skólaárs er svo dregið úr ofurpottinum en þá er safnað saman öllum fyrri edrúpottum og dreginn úr mjög veglegur vinningur.

Fjölbautaskóli Vesturlands er þáttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli líkt og flestir aðrir framhaldsskólar. Verkefnið er langtíma verkefni með áherslu á næringu, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl. Nemendum og starfsfólki skólans er boðið uppá viðburði í boði heilsueflingarteymisins, m.a. í heilsuviku í september

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Við skólann eru starfandi tveir náms- og starfsráðgjafar, Guðrún Sigríður Guðmundsdóttir og Bryndís Gylfadóttir.

Viðtalstímar náms- og starfsráðgjafar eru auglýstir á vef skólans. Hægt er að bóka viðtal í gegnum í vef skólans, með því að mæta á skrifstofu náms- og starfsráðgjafa og með því að senda tölvupóst til namsradgjof@fva.is. Skrifstofa náms- og starfsráðgjafa er á 1. hæð í B-álmu skólans. Þjónusta náms- og starfsráðgjafa stendur öllum nemendum skólans og foreldrum þeirra til boða.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er fyrst og fremst að vera málsvari og trúnaðarmaður nemenda innan skólans og standa vörð um velferð þeirra, m.a. skv. ákvæðum farsældarlaga. Hann liðsinnir nemendum í málum sem snerta skólavist þeirra og veitir þeim ráðgjöf um hvernig þeir geti fengið úrlausn sinna mála.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa felst meðal annars í:

- ráðgjöf um árangursrík vinnubrögð í námi
- ráðgjöf um prófundirbúning og prófkvíða
- að veita upplýsingar um nám og störf
- að veita ráðgjöf um náms- og starfsval
- að veita aðstoð við gerð námsferilsáætlunar
- að veita ráðgjöf vegna námserfiðleika
- persónulegri ráðgjöf
- veita nemendum stuðning og aðhald
- samstarfi við foreldra/forráðamenn nemenda yngri en 18 ára
- liðsinna kennurum vegna námsvanda einstakra nemenda
- fylgjast með námsgengi nemenda sem til hans leita eða til hans er vísað og gera tillögur til úrbóta gerist þess þörf
- að vera tilvísunaraðili á aðra fagaðila

Nemendur og foreldrar eru hvattir til þess að nýta þá þjónustu sem náms- og starfsráðgjafi býður upp á. Þó að upp í fjölbautaskóla sé komið þurfa nemendur á stuðningi og aðhaldi að halda og er það sameiginlegt verkefni heimila og skóla að standa vörð um velferð þeirra.

AÐ LOKUM

FVA býður upp á nám til stúdentsprófs á þremur brautum auk afreksíþróttasviðs. Einnig er boðið upp á fjölbreytt nám til starfsréttinda, m.a. í húsasmíði, rafvirkjun, vélvirkjun, á félagsliðabraut og á sjúkraliðabraut. Hægt er að stunda nám til stúdentsprófs samhliða öllu starfsréttindanámi. Þeim sem ekki uppfylla inntökuskilyrði í stúdentsnám eða starfsréttindanám býðst undirbúningsnám á framhaldsskólabraut.

FVA kemur til móts við ólíka getu, þarfir og áhuga nemenda. Skólinn byggir á hefð sem leggur áherslu á að allir séu velkomnir, fái viðfangsefni við hæfi, vinni vel og nái góðum árangri. Skólinn býr nemendur undir nám við allar deildir háskóla. Nemendum FVA hefur vegnað mjög vel í áframhaldandi námi á háskólastigi.

Í nokkrum greinum er nemendum skipt í hópa eftir árangri á grunnskólaprófum og þeim sem á þurfa að halda býðst fornám og stuðningur á framhaldsskólabraut. Með því að bjóða misbunga áfanga og mismikinn námshraða kemur skólinn bæði til móts við þá sem hafa vilja og getu til að ljúka miklu námi á skömmum tíma og þá sem hafa meira gagn af hægari yfirferð.

Vel yfir 3000 nemendur hafa útskrifast frá skólanum síðan hann tók til starfa. Fjöldi þeirra á velgengni að fagna um allt samfélagið. Ef þú vilt vita hvernig er að vera nemandi við Fjölbautaskóla Vesturlands skaltu spyrja þá sem stundað hafa nám við skólann.

- Fjölbautaskóli Vesturlands býður nemendum góða aðstöðu til náms og félagsstarfa.
- Vingjarnlegt viðmót, persónuleg samskipti.
- Öflug náms- og starfsráðgjöf.
- Nýnemar hitta umsjónarkennara sinn vikulega.
- Gott bókasafn og góð vinnuaðstaða.
- Afreksíþróttasvið fyrir nemendur sem vilja stunda íþrótt sína samhliða námi við skólann.
- Greiður aðgangur að tölvum og þráðlaust net fyrir fartölvur um allan skólann.
- Hægt er að samþætta nám í skólanum íþróttæfingum og námi í tónlistarskóla.
- Mötuneyti er öllum opið og heimavist rúmar 60 nemendur.